

Yfirlýsing af gefnu tilefni Frá ráðuneytisstjóra Utanríkisráðuneytisins

"Búið er að leita í Málaskrá og skjalasafni að kvörtunum vegna sendiherra Íslands í Washington.

Engar nótur, símbref, tölvupóstar eða frásagnir af samtölum eða fundum fundust þegar leitað var með textaleit í Málaskrá. Engin erindi fundust heldur við leit á málalykli fyrir kvartanir á hendur íslenskum fulltrúum eða um sendiherrann í Washington á þessum tíma.

Þar sem spurningin virðist stafa af frásögn í bókinni "Bylting : og hvað svo?" eftir Björn Jón Bragason, var bókin útveguð. Á bls. 23 og 24 er málsgrein þar sem m.a. er sagt að "...utanríkisráðuneytinu hafi ítrekað borist kvartanir.." vegna sendiherra. Tilvitnun við enda málsgreinarinnar er "Ónafngreindir heimildamenn í utanríkisþjónustunni". Engar vísbendingar eru þar um af hvaða tilefni kann að hafa verið kvartað, eða á hvaða tíma.

Engar upplýsingar um kvartanir vegna sendiherra Íslands í Washington 1998-2002 fundust í Málaskrá eða skjalasafni. "

Stefán Haukur Jóhannesson